



Helga Jónsdóttir, gullsmiður í Gullkúnst Helgu.

Gullkúnst Helgu

ÓVIÐJAFNANLEG HÖNNUN

Fáir standast þá freistingu að kíkja í gluggana hjá Gullkúnst Helgu að Laugavegi 13. Verslunin stendur á einu fallegasta horni á Laugaveginum, í glæsilegu húsnæði. Gestir fá á tilfinninguna að vera staddir í listagallerí, en hönnun verslunarinnar er stílhrein og fallegir skartgripir njóta sín til fullnustu í sýningarskápum úr tekki og gleri.

Um salinn óma hamarshöggin frá gullsmiðunum en verkstæðið í Gullkúnst er innan við verslunina. Þessi nálægð verslunar og verkstæðis skapar nánd milli hönnuða og viðskiptavina með sérstakar óskir um smíðina.

Helga Jónsdóttir og Sveinn Guðnason sjá um hönnun gripanna, og nota þau bæði gull og silfur við smíðina. „Við smíðum mest af silfurskartgripum á sumrin,“ segir Helga.

Hrauni er teflt saman við silfur og gull, steina og ræktaðar perlur. Þessar sterku andstæður í efni, áferð og litum eru mjög áhrifamiklar.

Ferðamennirnir eru hrifnir af skartgripum úr grófu silfri sem við meðhöndlum á sérstakan hátt til að ná fram í því litum eins og þeim sem ber fyrir augu úti í náttúrunni. Þá skreytum við silfrið með íslenskum steinum og hrauni. Fyrir jólin förum við gjarnan í annan grí, smíðum meira úr gulli og notum t.d. demanta, hrádemanta og perlur.“

www.gullkunst.is

Hönnun gullsmiðanna á verkstæðinu eiga sterkar rætur í náttúrunni. Íslensku hrauni er teflt saman við silfur og gull, steina og ræktaðar perlur. Þessar sterku andstæður í efni, áferð og litum eru mjög áhrifamiklar. Smiðirnir hafa næmt auga fyrir nýjungum og eru óhræddir við frumleika í hönnuninni. Helga reynir að fylgjast vel með því sem er að gerast erlendis og sækir þangað sýningar árlega. Hún segist hrifnari af skartgripum frá Norðurlöndunum og Þýskalandi en þeim sem eru hannaðir í Bandaríkjunum, enda falli norræn hönnun iðulega betur að smekk okkar Íslendinga.

„Ég er mjög ánægð með staðsetningu verslunarinnar sem er í miklum og stöðugum uppgangi,“ segir Helga Jónsdóttir, gullsmiður í Gullkúnst Helgu. [f](#)